
Viðhorf foreldra leikskólabarna

**Skýrsla um könnun á viðhorfum
foreldra leikskólabarna í Mosfellsbæ
sem fram fór á vormánuðum 2010**

Helga Dís Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangsorð	5
Um könnunina	5
Forsaga og framkvæmd	5
Svörun.....	5
Greining og úrvinnsla.....	6
Raðkvarðaspurningar	6
Upplýsingaflæði	6
Þáttur starfsfólks	8
Skipulagsatriði	8
Faglegt starf.....	9
Líðan, gildi og þátttaka foreldra	9
Spurning um starf elstu barna	10
Opnar spurningar	11
Opin spurning 1: Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir barnið þitt?.....	12
Líðan	12
Félagsfærni	13
Starfsfólk.....	13
Fagstarf.....	13
Heilsa	14
Öryggi	14
Annað	15
Samantekt um opna spurningu nr. 1.....	15
Opin spurning 2: Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir foreldra?.....	15
Líðan	15
Þáttur starfsfólks	16
Fagstarf.....	16
Öryggi	17

Upplýsingaflæði.....	17
Annað	17
Samantekt um opna spurningu nr. 2.....	18
Opin spurning 3: Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir starfsfólk?.....	18
Líðan	18
Samskipti	20
Fagstarf.....	20
Kjaramál.....	20
Annað	21
Samantekt um opna spurningu nr. 3.....	21
Opin spurning 4: Hverju finnst þér ábótavant í leikskóla barnsins þíns?	22
Aðstaða.....	22
Fagstarf.....	23
Þáttur starfsfólks	23
Skipulagsatriði	23
Upplýsingaflæði.....	24
Annað	24
Samantekt um opna spurningu nr. 4.....	25
Opin spurning 5: Hvað ertu ánægðust / ánægðastur með í leikskóla barnsins þíns?	25
Líðan	25
Aðstaða.....	26
Fagstarf.....	26
Þáttur starfsfólks	27
Skipulagsatriði	29
Annað	29
Samantekt um opna spurningu nr. 5.....	29
Opinn liður 6: Ef þú vilt koma einhverju fleiru á framfæri, þá vinsamlegast skráðu það hér: ..	30
Þáttur starfsfólks	30
Starfið	31
Upplýsingaflæði.....	31
Almennt hrós.....	32
Annað	32

Samantekt á framlögum við opnum lið 6:	33
Samantekt og ábendingar	34
Lokaorð.....	37

Inngangsorð

Hér á eftir fer umfjöllun um niðurstöður könnunar á viðhorfum foreldra leikskólabarna í Mosfellsbæ til leikskólanna og þess starfs sem þar fer fram. Fyrst er gerð grein fyrir framkvæmd könnunarinnar sem og greiningu og úrvinnslu gagna. Því næst er fjallað um niðurstöður svara foreldra barna af öllum leikskólum bæjarins. Verður þar fyrst litið á svör við svokölluðum raðkvarðaspurningum, þar sem gefin eru upp fyrirfram ákveðin svör á raðkvarða og síðan er sjónum beint að greiningu svara við opnum spurningum. Í lokin er stuttur kafli um samantekt og umræður.

Um könnunina

Könnunin var unnin í samvinnu við alla leikskóla bæjarins. Hér á eftir fer lýsing á forsögu og framkvæmd, svörun, greiningu og úrvinnslu.

Forsaga og framkvæmd

Stýrihópur um mat á starfi leikskóla Mosfellsbæjar hófst handa, í nóvember 2009, við að safna frá hagsmunaaðilum hugmyndum að spurningum eða atriðum til að kanna í spurningakönnun. Leitað var jafnt til starfsfólks sem foreldraráða og alls bárust hátt á annað hundrað tillögur. Þær komu allar frá starfsfólki, sem sumt var reyndar einnig foreldrar leikskólabarna. Stýrihópurinn fór yfir og ræddi hverja og eina tillögu og vann upp úr tillögum drög að um það bil 40 spurningum sem lögð voru fyrir foreldraráð leikskólanna og ýmsa aðra hagsmunaaðila.

Eftir áramót var farið yfir athugasemdir hagsmunaaðila, lögð lokahönd á framsetningu og könnunin sett upp í vefforritinu Zoomerang. Í síðari hluta marsmánaðar fengu allir foreldrar leikskólabarna í Mosfellsbæ, alls um 1000 manns, sendan tölvupóst þar sem þeim var boðið að taka þátt í könnuninni. Í tölvupóstinum var að finna hlekk sem hægt var að smella á til að hefja könnunina. Hverju foreldri var sendur einn hlekkur fyrir hvert barn sem það á á leikskóla í bæjarfélaginu og var þetta í fyrsta sinn sem sá háttur var hafður á.

Svörun

Heildarsvörun var 50,4% - það þýðir að rétt rúmur helmingur þeirra foreldra sem fengu sent boð um þátttöku svaraði könnuninni. Vegna bilunar í tölvukerfi var erfitt að festa fingur á nákvæma tölu yfir fjölda heimila sem svarað var fyrir, en útreikningar sem byggðir eru á þeim upplýsingum sem fyrir liggja benda til þess að svarað hafi verið fyrir á bilinu 73 – 75% heimila leikskólabarna í bæjarfélaginu. Það er áþekkt hlutfall því sem verið hefur í undanfarin skipti sem sambærileg könnun hefur verið lögð fyrir og einungis hefur verið sendur einn hlekkur á hvert heimili.

Greining og úrvinnsla

Þar sem matsstýrihópur hafði ekki aðgang að tölfræðiforriti til greiningar voru ekki gerðir fylgniútreikningar, marktektarpróf eða aðrir tölfræðilegir útreikningar á raðkvarðaspurningum könnunarinnar¹. Svör við opnum spurningum voru kóðuð og flokkuð eftir áherslum. Þar sem mörg svör eða athugasemdir féllu undir sömu flokka voru áherslur einnig greindar í undirflokkum.

Meðhöndlun persónuupplýsinga var með þeim hætti að einungis verkefnisstjóri stýrihóps og skólafulltrúi höfðu aðgang að persónulegum upplýsingum um þátttakendur. Verkefnisstjóri bar hitann og þungann af allri úrvinnslu könnunarinnar og gætti þess að stjórnendur og starfsfólk leikskóla eða aðrir sem fá upplýsingar um niðurstöður fengju ekki í hendur upplýsingar sem hægt væri að rekja til einstakra svarenda.

Raðkvarðaspurningar

Flestar spurningar könnunarinnar voru settar upp á svokölluðum raðkvarða, þar sem þátttakendur geta valið eitt eða fleiri af nokkrum fyrirframgefnum svarmöguleikum. Í nokkrum tilfellum gátu þátttakendur valið að skrifa sín eigin svör. Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður þessa hluta könnunarinnar.

Upplýsingaflæði

Fyrsta spurning könnunarinnar var hvort foreldrar hafi kynnt sér námsskrá leikskólans. 32% svara því játandi, 56% segjast hafa gert það að einhverju leyti, en 12% svara neitandi.

Næstu 5 spurningar snérust um heimasíður leikskólanna. Spurt var hvort fólk nýti sér heimasíðu leikskóla barnsins síns, hvort það telji hana upplýsandi og aðgengilega og hvort hún sé uppfærð reglulega. Yfir 80% svara þremur fyrstu spurningunum játandi, en 68% segja heimasíðu leikskólans uppfærða reglulega. Þvínæst var spurt hvað foreldrar vilji að komi fram á heimasíðunni og foreldrar eru beðnir að merkja við eins marga af eftirfarandi 7 valkostum og þeim hugnast:

- Fréttir af daglegu starfi leikskólans
- Upplýsingar um foreldraráð og foreldrafélag
- Upplýsingar um starfsfólk (starfsreynsla, menntun o.s.frv.)
- Myndir af starfsfólki
- Myndir af barninu þínu
- Upplýsingar um dagleg viðfangsefni á deild barnsins þíns

¹ Vert er að benda á að full ástæða er til að kanna fylgni á milli ýmissa bakgrunnsbreyta og svara við ákveðnum spurningum – sjá nánar umræðu í kafla um *samantekt og umræður*

- Matseðill

Flestir virðast merkja við alla valkostina. Mest er merkt við þann fyrsta og síðasta; *Fréttir af daglegu starfi leikskólans og Matseðil*, en 92% svarenda merkja við hvoru tveggja. Minnst er merkt við *Myndir af barninu þínu* en þó merkja 72% við þann valkost, sem fer nærri því að vera þrjú fjórðu svarenda.

Ríflega 10% þeirra sem svara þessari spurningu velja að leggja til tillögur frá eigin brjósti. Um helmingur þessara tillagna snýst um það sem kalla mætti mikilvægar upplýsingar um starfið, en með því er átt við dagatöl leikskólanna, upplýsingar um frídaga, leikfangadaga og aðra sérstaka daga og viðburði sem framundan eru, fyrirhugaðar breytingar og ýmiss konar tilkynningar til foreldra. Einnig koma þarna fram uppástungur um að nýtt starfsfólk sé kynnt á heimasíðum leikskólanna.

Nokkuð margar tillögur snúast einnig um börnin og það sem þau sýsla daglega. Þannig vilja foreldrar fá gullkorn barnanna á heimasíðuna, afmælisdaga þeirra, söngtexta og upplýsingar um leiki sem börnin læra og myndir úr starfinu. Sumir vilja upplýsingar um dagleg viðfangsefni síns barns og að á heimasíðunni sé gestabók sem foreldrar geta skrifað í.

Nokkrar uppástungur snúast um aukinn sýnileika faglegs grunns leikskólastarfsins og almenns fagstarfs á heimasíðunni. Óskað er eftir námsskrám, hugmyndafræði og stefnu leikskólanna auk uppeldislegra markmiða.

Athugasemdir um það sem betur mætti fara eru nokkrar. Þar af minnst tveir, af ólíkum leikskólum, á að myndasöfnin á heimasíðunum eigi að vera læst. Í þremur tillögum frá sama leikskóla er óskað eftir því að á síðunni verði hægt að finna upplýsingar um uppeldismál og tengla inn á síður um uppeldismál og í tveimur svörum frá leikskóla, þar sem almennt verður í ýmsum spurningum könnunarinnar vart við óánægju með heimasíðu skólans, segjast foreldrar einfaldlega ekki nota heimasíðuna.

Í spurningu 7 var spurt hvaðan foreldrar fái helst upplýsingar um starfið í leikskólanum og þeir beðnir að merkja við 1 - 3 atriði sem helst eiga við. Eftirfarandi möguleikar voru taldir upp:

- Á heimasíðu skólans
- Með miðum í fatahólf barnsins
- Á tilkynningum á upplýsingatöflum eða veggjum
- Í gegnum tölvupóst
- Í gegnum símtöl
- Í foreldraviðtölum
- Í gegnum daglegt spjall við starfsfólk
- Í gegnum spjall við aðra foreldra
- Annað

Viðhorf foreldra leikskólabarna

Flestir, eða 81%, merkja við *tilkynningar eða upplýsingatöflur* og næstflestir við *daglegt spjall við starfsfólk*. Fæstir, eða aðeins 1%, merkja við *símtöl* og næstfæstir, 6%, við *spjall við aðra foreldra*. 3% merkja við *annað* og skrifa sín eigin svör. Tæplega helmingur þeirra segir að börnin sjái um að upplýsa foreldrana.

Næst er spurt hversu gott eða slæmt svarendum finnist upplýsingastreymi frá leikskólanum til sín. Langflestum finnst það *mjög* eða *frekar gott* en þessi spurning er þó ein af fáum í þessari könnun þar sem afgerandi færri, eða 23%, merkja við *mjög gott*, en heil 53% merkja við *frekar gott*. 21% merkja við *hvorki gott né slæmt* en aðeins 3% merkja við *frekar slæmt* og enginn við *mjög slæmt*.

Þáttur starfsfólks

99% þeirra sem svara spurningu 9 fullyrða að viðmót starfsfólks leikskólans sé *frekar* eða *mjög gott*. 95% finnst *frekar* eða *mjög vel* tekið á móti barni þeirra á morgnanna og 97% telja starfsfólk alltaf eða oftast kveðja börn þeirra í lok dags.

Svör við spurningu 13 skera sig frá öðrum svörum í könnuninni að því leyti að mun fleiri merkja við neikvæðari svarkostina þar en í nokkurri annarri spurningu. Spurt er: *Hversu vel eða illa finnst þér nýtt starfsfólk kynnt fyrir foreldrum?* Aðeins þriðjungur, eða 33% merkja við *mjög* eða *frekar vel* en næstum því jafn margir, eða 30% merkir við *mjög* eða *frekar illa*.

Ánægjan eykst á nýjan leik í næstu spurningu þegar 98% segja *mjög* eða *frekar vel* tekið á móti börnum þeirra í upphafi leikskólavistar. Ögn færri, eða 93% segja að *mjög* eða *frekar vel* hafi verið tekið á móti þeim sem foreldrum í upphafi leikskólavistar barna þeirra og 91% segja aðlögun barns síns á milli deilda hafa gengið *mjög* eða *frekar vel*.

Skipulagsatriði

82% foreldra finnst vægi útiveru í leikskólastarfinu mátulega mikið en öllu færri, eða 71%, merkja við að vægi hreyfingar sé *mátulegt* og heil 19% merkja við að vægi hreyfingar sé *ekki nægilega mikið*. Munurinn á milli leikskóla er þó óvenjulega mikill hér, en á bilinu 38,5 til 84,3 merkja við mátulegt og 11,1% til 39,3% við *ekki nægilega mikið*.

Fremur fáir foreldrar segjast hafa kynnt sér verkefnið *Allt hefur áhrif, einkum við sjálf* sem Mosfellsbær er þáttakandi í. Aðeins 21,3% svara spurningunni játandi en 78,7% neitandi.

Tæplega 49% foreldra segjast fá nægilega miklar upplýsingar um hvað börn þeirra borða yfir daginn í leikskólanum. 29,6% segjast *stundum* fá nægilega upplýsingar um þetta atriði en nærri 22% foreldra segjast ekki fá nægilega miklar upplýsingar um hvað börn þeirra borða yfir daginn. Í þessari spurningu má einnig greina mikinn mun eftir leikskólum, en á bilinu 18,5% – 64,4% svara spurningunni játandi. Ríflega helmingur foreldra segist fylgjast með matseðli leikskólans.

Faglegt starf

Tæplega 94% foreldra upplifa viðfangsefni barna sinna á leikskólanum *mjög* eða *frekar vel*. Hærra hlutfall en við flestum öðrum spurningum segist þó upplifa viðfangsefnin *frekar vel* eða 44,4%. 96,3% segja að þeim finnist börnin upplifa viðfangsefni sín *mjög* eða *frekar vel*.

Enn fleiri, eða 51%, merkja við næstbesta valkostinn, *frekar sýnilegt* í næstu spurningu þegar spurt var hve sýnilegt foreldrum þykji faglegt starf í leikskólanum. 21,8% telja faglegt starf *mjög sýnilegt*, 23% telja það *hvorki sýnilegt né ekki sýnilegt* og 4% telja það *frekar lítið sýnilegt*.

Um 95% foreldra segja sér finnast leikskólinn koma *frekar* eða *mjög vel* til móts við þarfa barna þeirra. 88,5% segja leikskólann koma til móts við þarfir fjölskyldunnar varðandi vistunartíma en tæp 11% segja hann gera það *að nokkru leyti*.

Í spurningu 28 var spurt *hversu vel eða illa foreldrar telji að börn þeirra fái að njóta sinna sterku hliða í leikskólum sínum*. Heldur fleiri merkja hér við *frekar vel* en *mjög vel* en alls merkja 89,3% foreldra við annað hvort.

Líðan, gildi og þátttaka foreldra

98,5% foreldra telja að börnum þeirra líði *frekar* eða *mjög vel* á leikskólanum. Hvað gildum Mosfellsbæjar viðvísingur eru skoðanir hins vegar skiptari. Flestir, eða 91,8% telja sig verða vara við *umhyggju* í leikskólastarfinu, en aðeins 32,3% telja *framsækni* endurspeglast í leikskólastarfinu. Talsverður munur er á milli leikskóla hér og hvar í þessari spurningu. Til dæmis munar 35% á milli þess skóla þar sem foreldrar telja *virðingu* endurspeglast hvað mest í leikskólastarfinu og þess þar sem foreldrar verða *virðingar* síst varir. Munurinn fer upp í 39% þegar spurt er um *framsækni*.

Í spurningu 31 voru foreldra spurðir að því hverju þeir hefðu áhuga á að taka þátt í á leikskólanum og þeir beðnir að merkja við allt af neðangreindu sem við á:

- Fræðslu
- Sérstökum viðburðum (sveitaferð, sýningum, foreldramorgnum og svo framvegis)
- Daglegu starfi
- Sérstökum verkefnum
- Starfi foreldrafélags eða foreldraráðs
- Öðru

Langflestir, eða rétt tæp 89%, merkja við *Sérstaka viðburði*. Stökkið hvað varðar fjölda er stórt yfir í það sem næstflestir hefðu áhuga á að taka þátt í, en slétt 50% merkja við *fræðslu* og *sérstök verkefni* fylgja fast á eftir með slétt 48%. Af stöðluðu svarmöguleikunum merkja fæstir, tæp 25% við *starf foreldrafélags eða –ráðs*. Að lokum merkja tæp 2,5% við *annað* og setja fram tillögur frá eigin brjósti.

Flestar tillagnanna snúast um að foreldrarnir fái að hafa áhrif á daglegt starf í leikskólanum, mótun þess, stefnu leikskólans og mataræði barnanna. Þrír foreldrar láta þess getið að þeir eigi erfitt með að taka þátt í viðburðum á leikskólanum á vinnutíma. Einnig er minnst á foreldrakaffi og óskað eftir fleirum slíkum, óskað eftir fleiri tækifærum fyrir foreldra til að hittast með börnin í leikskólanum, fleiri foreldraviðtölum og eitt foreldrið segist tilbúið að taka þátt í hverju sem til fellur.

Spurning um starf elstu barna

Síðasta spurningin með stöðluðum svarmöguleikum sem ástæða er til að fjalla um hér er spurning 34. Í þeirri spurningu var sjónum beint að elstu börnum leikskólans og þessi spurning var aðeins opin fyrir foreldra barna fæddra 2004 og 2005. Spurt er *hversu mikilvægir eða lítilvægir foreldrum finnist þeir þættir, sem þar eru upp taldir, í starfi elstu barna leikskólans*. Þættirnir eru þessir:

- Innlögn lesturs í gegnum leik
- Markviss málörvun
- Innlögn stærðfræði í gegnum leik
- Þjálfun í notkun upplýsingatækni
- Þjálfun í samskiptum
- Frjáls leikur
- Útivera
- Listgreinar
- Efling sjálfstrausts
- Sögugrunnur
- Verkefnið Stig af stigi
- Markviss hreyfing / íþróttir

Jafnmargir, eða 96,9%, telja *markvissa málörvun og þjálfun í samskiptum frekar eða mjög mikilvæga* þætti í starfi elstu barna leikskólans. Ívið fleiri, eða 86,3%, setja þó markvissa málörvun í fyrsta sætið (sem *mjög mikilvæga*) á móti 82,4 sem telja þjálfun í samskiptum *mjög mikilvæga*.

Þjálfun í upplýsingatækni er sá þáttur hér sem nýtur minnstrar hylli, en 62,5% foreldra merkja við þann þátt og þar af setja aðeins 28,6% hann í fyrsta sæti (*mjög mikilvægt*). Næstfæstir, eða 71,1%, telja verkefnið *Stig af stigi frekar eða mjög mikilvægt*. Þess ber þó að geta að verkefnið er ekki á öllum leikskólum og 15,4% foreldra merkja við að þeir viti ekki til þess að það sé gert á leikskóla barna þeirra.

Opnar spurningar

Auk þeirra stöðluðu spurninga sem buðu upp á opna svarmöguleika sem greint hefur verið frá hér á undan voru síðustu 6 spurningar könnunarinnar opnar. Þær voru svohljóðandi:

1. Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir barnið þitt?
2. Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir foreldra?
3. Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir starfsfólk?
4. Hverju finnst þér ábótavant í leikskóla barnsins þíns?
5. Hvað ertu ánægðust / ánægðastur með í leikskóla barnsins þíns?
6. Ef þú vilt koma einhverju fleiru á framfæri, þá vinsamlegast skráðu það hér:

Hér verður vísað til þessara spurninga með ofangreindum númerum.

Á bilinu 159 – 417 svöruðu hverri spurningu. Farið var yfir öll svörin með kerfisbundnum hætti og þau greind eftir efnislegu innihaldi. Við það komu í ljós fjölmargar áherslur sem til hægðarauka voru greindar í 5 – 7 höfuðáhersluflokka innan hversrar spurningar. Þó að vissulega megi til sanns vegar færa að starf leikskóla sé þess eðlis að ekki sé með góðu móti unnt að aðskilja hina fjölmörgu þætti starfsins hverja frá öðrum er sú flokkun sem hér er stuðst við fyrst og fremst ætluð til hægðarauka og til þess að greiða fyrir markvissri notkun athugasemda til starfsþróunar. Margir flokkanna eru gegnumgangandi í gegnum allar spurningarnar, þó að áherslur breytist vissulega eftir því um hvað er spurt. Aðrir flokkar eru sérstakir og koma aðeins fyrir í einni spurningu.

Einnig er rétt að greina frá því að svör foreldra voru mörg þess eðlis að innihald þeirra átti við fleiri flokk en einn. Því var farin sú leið að flokka þau fyrst eftir fyrsta atriðinu sem fram kom í svarinu. Dæmi um svar við spurningu 2 sem flokkast í fleiri en einn flokk:

Að maður finni að barninu líði vel, að það sé sátt við að fara á morgnanna og sé ánægt þegar það er sótt á daginn. Að það sé vel tekið á móti barninu. Einnig finnst mér mikilvægt að maður viti hversu vel barnið borðar af því sem er á boðstólnum. Ef þau sofa ennþá á daginn þá finndist mér gott að vita hversu lengi. Að það sé ávallt skráð inná þar til gert blað svo maður þurfi ekki að spyrja í hvert sinn. Það hefur vantað uppá það finnst mér og stundum er viðkomandi starfsmaður sem gæti svarað farinn heim.

Miðað við þá flokka sem notast er við í spurningu 2 myndi þetta svar fyrst falla undir flokkinn *Líðan* en einnig koma fyrir undir flokkunum *Þáttur starfsfólks* og *Upplýsingaflæði*. Í stuttu máli er því undir hverjum og einum flokki að finna öll þau svör þar sem minnst er þá viðkomandi þætti sem honum tilheyrir.

Hér á eftir fer umfjöllun um hverja og eina spurningu. Rétt er að taka fram að þau yfirheiti sem valin eru fyrir hvern og einn flokk geta ekki í öllum tilfellum skoðast sem „regnhlífahugtök“ fyrir þau atriði sem þar eru felld undir og því er vissara að lesa lýsingar á flokkunum til að öðlast skilning á innihaldinu.

Opin spurning 1: Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir barnið þitt?

Flestir svöruðu spurningunni um hvað væri mikilvægast í leikskólanum fyrir börnin þeirra, eða 417 foreldrar. Svör þeirra voru greind í 7 efnisflokkka:

- Líðan
- Félagsfærni
- Þáttur starfsfólks
- Fagstarf
- Heilsa
- Öryggi
- Annað

Fyrst ber að nefna flokkinn *Líðan* sem eins og heitið gefur til kynna snýst um líðan barnsins, en það atriði var foreldrum mjög hugleikið. Næst kemur flokkurinn *Félagsfærni* en undir hann falla þau svör þar sem lögð er áhersla á samskiptafærni barnsins, vinatengsl og annað í þeim dúr. Flokkur sem hér er nefndur *Þáttur starfsfólks* nær yfir öll þau svör þar sem minnst er berum orðum á framlag starfsfólks til starfsins, viðmót þess, samskipti þess við börn og fullorðna og persónulega og faglega eiginleika. Undir flokkinn *Fagstarf* heyrir allt sem lýtur að faglegu starfi í leikskólanum og í tengslum við þessa spurningu er einkum um að ræða væntingar foreldra um þá kennslu, þá örvun og það markvissa uppeldisstarf sem fram fer í leikskólanum. Margir nefndu mataræði, útivist og hreyfingu sem hér er flokkað saman undir titilinn *Heilsa*. Flokkurinn *Öryggi* er tileinkaður öryggismálum og að lokum voru svör og framlög sem ekki gátu með góðu móti talist til neins af ofangreindum flokkum sett saman í flokkinn *Annað*.

Hér á eftir fer stutt umfjöllun um niðurstöður greiningar á þessum opnum svörum fyrir alla leikskóla bæjarins.

Líðan

Líðan barns var nefnd sem það mikilvægasta fyrir barnið í leikskólanum í rétt um helmingi svara, eða í 208 svörum af 417. Mjög margir foreldrar svara spurningunni um hvað væri mikilvægast í leikskólanum fyrir barnið á mjög einfaldan hátt: „Að barninu líði vel.“ Orð sem einnig eru algeng eru að barnið sé „ánægt“, fái að „njóta sín“ og „vera það sjálft.“ Önnur svör eru lengri og ýtarlegri, eins og þetta hér:

Að barninu líði vel, það hafi einhvern til að leita til þegar því líður illa. Að hugsað sé um þarfir barnsins í skólanum

og

Að gefa henni svigrúm til að dafna og þróa sinn eigin persónuleika, kenna falleg samskipti og virðingu gagnvart náunganum, að barninu finnist það vera velkomið

Félagsfærni

Mun færri nefna þætti er varða félagsfærni og í raun mætti vel rökstyðja það sjónarmið að umfang þessa áhersluatriðis sé ef til vill ekki nægilegt til að réttlæta það sem sérstakan flokk. Engu að síður kemur það fyrir í svörum foreldra barna á öllum leikskólunum og eru svörin þar sem félagsfærni er í sett í öndvegi á bilinu 2 – 25. Hér eru tvö dæmi um svör frá foreldrum sem telja félagsfærni það mikilvægasta í leikskólanum fyrir börnin þeirra:

Hitta aðra krakka, nýta sköpunargleði, leika út og fá að hamast

Samskiptafærni, sjálfstæði, sjálfsöryggi, útivera, virðing fyrir öðrum

Starfsfólk

Mjög margir nefna þætti er varða starfsfólk með beinum hætti og í stuttu máli má segja að foreldrar leikskólabarna Mosfellsbæjar vilji að starfsfólk sé umhyggjusamt, jákvætt, sýni börnunum virðingu og hlýju, veiti þeim öryggi, sýni þeim væntumþykju og eigi góð samskipti við foreldra. Að auki er tekið fram að starfsfólk eigi ævinlega að vera til staðar fyrir börnin, vera meðvitað um þarfir þeirra og koma til móts við þær, hlusta á börnin og taka mark á þeim. Það á að taka vel á móti börnunum á morgnanna, sýna þeim ákveðinn aga og bæði styðja við og örva þroska þeirra. Dæmi um svör frá foreldrum sem beina kastljósinu að starfsfólkinu:

Að það sé gott starfsfólk, taki vel á móti börnunum og að sjálfsögðu að það sé unnið markvist starf sem eflir þroskann þeirra. En það sem skiptir öllu máli er að hafa gott starfsfólk

og

Gott starfsfólk sem hefur áhuga á að sinna starfinu á faglegum nótum. Án almennilegs starfsfólks er leikskólinn hvorki fugl né fiskur

Fagstarf

Undir þessum flokki er að finna óskir foreldra um allt frá frjálsum leik yfir í lestrar- og stærðfræðikennslu. Lausleg skoðun á aldri barna þeirra foreldra sem leggja áherslu á undirbúning fyrir grunnskólagöngu bendir til þess að almennt gæti þessarar áherslu mest hjá foreldrum elstu barnanna í leikskólanum. Hér er dæmi um svar foreldris barns í leikskóladeild:

Undirbúningur fyrir skólann - bæði námslega og félagslega

Og hér gefur á að líta dæmi um aðrar áherslur:

Efling sjálfstrausts, næg útivera, hollt fæði, sjálfstæðar ákvarðanatökur og almennt bara að hlúð sé vel að hverjum einstakling fyrir sig

Heilsa

Áherslum foreldra varðandi heilsu má skipta í þrennt: Mataræði, hreyfingu og útiveru. Eins og félagsfæriflokkurinn má segja það ákveðið vafaatriði hvort þessi flokkur eigi að standa sér, þar sem athugasemdir er lúta að heilsu eru á bilinu 0 (hjá minnstu leikskólaeiningu bæjarins) upp í 23 (hjá þeirri stærstu). Engu að síður kemur fram greinileg áhersla á heilsu hjá stórum hópi foreldra, sem segja má að sé í fullu samræmi við áherslu bæjarfélagsins á lýðheilsu.

Foreldrar vilja í stuttu máli að börnin fái hollan mat, mikla útivist og mikla og gjarnan markvissa hreyfipjálfun. Sumir nefna tvennt eða allt þrennt, aðrir bara eitt þessara atriða. Hér eru tvö dæmi um svör:

Útivera, hreyfing, góð samskipti og gott matarræði og fjölbreytni í öllu starfi

Næg hreyfing og hollt matarræði. Fjölbreytt verkefni yfir vikuna

Öryggi

Fyrsta opna spurningin er sú eina þar sem sér flokkur er tileinkaður öryggi. Þetta atriði er mörgum foreldrum greinilega hugleikið þegar spurt er um hvað sé mikilvægast fyrir barnið. Hins vegar kemur fram áhersla á tvenns konar öryggi sem segja má að sé af ólíkum toga. Annars vegar er það sem í hefðbundnum skilningi er nefnt „öryggismál“ – hið ytra öryggi eða áþreifanlegar hættur í umhverfi barnanna og varnir gegn þeim. Hins vegar er rætt um tilfinningalegt öryggi barnsins, sjálfsöryggi þess og almenna tilfinningalega og félagslega öryggistilfinningu. Í mörgum tilfellum er af svörum foreldra ómögulegt að skera úr um hvers konar öryggi er átt við og því flokkast öll svör þar sem orðið öryggi kemur fyrir í sama flokk.

Hér er dæmi um svar þar sem augljóslega er átt við ytra öryggi:

Öryggi og dettur mér þá í hug geymslupakið við róluvöllin ofanvið húsið, þar geta börnin klifrað uppá og gætu dottið fram af

Hér virðist átt við tilfinningalegt öryggi:

Að barninu mínu líði vel og upplifi öryggi gagnvart starfsfólki og öðrum börnum

Og hér er svar sem túlka má sem á hvorn veginn sem er:

Öryggi, örvun, umhyggja, heilsusamlegur matur og hreyfing

Annað

Ýmislegt sem ekki fellur beinlínis eða alfarið undir hina flokkana er flokkað saman undir flokkinn „annað.“ Við opinni spurningu nr. 1 eru þetta þó mjög fá svör og hjá sumum leikskólunum falla engin svör undir þennan flokk. Hér er eitt dæmi um svar af þessu tagi:

Leikskólinn er bara mikilvægur á öllum sviðum

Samantekt um opna spurningu nr. 1

Að börnunum líði vel er um helmingi foreldra efst í huga þegar spurt er hvað sé mikilvægast í leikskólanum fyrir börn þeirra. Margir nefna einnig jákvæða persónulega eiginleika starfsfólks, góð samskipti við það og fleira í þeim dúr, stuðning við félagsfærni barnann sem og stuðning við þroska þeirra og markvissa kennslu. Hollur matur, hreyfing og útivera er mörgum einnig ofarlega í huga auk þess sem margir foreldrar gera þá kröfu að börnin þeirra geti verið örugg á leikskólanum.

Opin spurning 2: Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir foreldra?

404 svör bárust við opinni spurningu nr. 2. Framan af greiningarferlinu var reynt að styðjast við samskonar flokka við greiningu svara við þessari spurningu og við spurningu 1. Fljótlega kom þó í ljós að áherslurnar voru talsvert frábrugðnar. Að greiningu lokinni stóðu eftirfarandi flokkar eftir:

- Líðan
- Þáttur starfsfólks
- Fagstarf
- Öryggi
- Upplýsingaflæði
- Annað

Af þessum flokkum hefðu hugsanlega mátt fella flokkana *Öryggi*, og *Fagstarf* undir aðra flokka þar sem þessar áherslur komu ekki fram með eins skýrum hætti þegar foreldrar greindu frá því sem var þeim mikilvægast fyrir þá eins og þegar spurt var um barnið. Hjá sumum leikskólunum eru þeir alveg fjarverandi. Hins vegar kemur hér fram flokkur sem ekki var í spurningu 1; *Upplýsingaflæði*, en undir hann fellur allt sem tengist upplýsingamiðlun á milli starfsfólks og foreldra.

Líðan

Þó að svör við fyrstu opnu spurningunni sýni að líðan barna sé foreldrum hugleikin þar þennan þátt hvergi nærri því eins oft á góma þegar kastljósinu var beint að foreldrum, eða aðeins í 87 svörum af alls 404, tæpum 22% tilfella. Bæði er talað um líðan barna og foreldra. Foreldrar sem svöruðu fyrstu spurningunni „að barninu líði vel“ svara þannig nú að mikilvægast fyrir þau sjálf sé að „vita“, „sjá“ eða „upplifa“ að barninu líði vel. Dæmi um lýsandi svar fyrir þennan flokk:

Foreldrarnir eru auðvitað ánægðastir er börnin eru ánægð

Aðrir gefa mun ýtarlegri svör, sem ná yfir fleiri áhersluþætti:

Öryggi, góð samskipti við starfsfólk, faglegt starf

Þáttur starfsfólks

Þáttur starfsfólks er foreldrum mjög ofarlega í huga og um helmingur þeirra sem svara opinni spurningu nr. 2 nefna eitt eða annað er tengist starfsfólkinu. Framkoma starfsfólks, viðmót og almenn samskipti þess við foreldra eru hér í brennidepli, ásamt athugasemdum um frammistöðu og vinnubrögð sem foreldrum þykja æskileg. Dæmi um dæmigert svar:

Gott samstarf milli foreldra og starfsfólks leikskólans

Dæmi um svar sem afhjúpar skoðanir á því hvernig starfsfólk vinnur vinnuna sína:

Faglegt og skemmtilegt starfsfólk sem tekur vel á móti manni. Sýnir ábyrgðartilfinningu. Lætur krakkana ekki afskiptalaus í útiveru þannig að þau séu ekki alltaf forug þó það rigni. Umhverfið hefur líka mikið að segja þarna

Að lokum tengdust mörg svaranna upplýsingamiðlun nánnum böndum:

Að starfsfólk sé duglegt að segja mér frá barninu mínu, samskiptum þess og framförum og einnig ef hegðun er óæskileg. Einhvers konar trúnaðarsamband

Fagstarf

Mun minna fór fyrir svörum þar sem minnst var á kennslu, örvun og markvisst uppeldisstarf þegar foreldrar greindu frá því sem mikilvægast var fyrir þá heldur en þegar spurt var út frá börnunum. Þessi áhersla kom fram í tengslum við aðra flokka, svo sem *Líðan*, *Upplýsingaflæði* og *Þátt starfsfólks*, en aldrei ein og sér. Dæmi um svar þar sem minnst er á *Líðan* og *Fagstarf*:

Að við séum þess fullviss að barninu líði vel og sé að takast á við spennandi og krefjandi viðfangsefni

Og hér er svar sem fellur undir þátt starfsfólks og Fagstarf:

Gott viðmót, stuðningur við sérþarfir

Öryggi

Eins og áður er komið fram var einnig mun minni áhersla á öryggi í svörum foreldra við spurningu 2 heldur en spurningu 1. Sem fyrr er þó ekki alltaf ljóst hvort átt er við ytra öryggi eða tilfinningalegt öryggi. Hér er þó dæmi um svar sem vottar um áherslu á öryggi:

Að finna fyrir örygginu um að barnið sé í góðum höndum, gott upplýsingaflæði og gott jafnvægi barnsins.

Upplýsingaflæði

Fjöldi svara þar sem minnst er á upplýsingaflæði fylgir fjölda svara, þar sem starfsfólk er í brennidepli, fast á eftir. Í 178 svörum af alls 404 er upplýsingaflæði gert að umræðuefni. Í þremur af leikskólunum eru athugasemdir sem snúast um upplýsingaflæði fleiri en þær sem snúast um starfsfólk. Einnig er rétt að minna á það sem fram kom hér að framan að flokkarnir *Þáttur starfsfólks* og *Upplýsingaflæði* tengjast mjög sterkum böndum og haldast oft í hendur. Dæmi um 2 svör þar sem þessi tenging er greinileg:

Að upplýsingastreymið sé gott og að starfsfólk gefi sér tíma til að ræða við foreldra þegar maður sækir börnin til að heyra hvernig dagurinn var

Að foreldrar fái nægar upplýsingar um hvernig barninu líður og hvernig barnið er að taka þátt í daglegum athöfnun - frekar meiri upplýsingar en minni og oftar en bara einu sinni á önn

Annars staðar eru persónuleg samskipti við starfsfólk síður í brennidepli:

Að starfið sé aðgengilegt, að maður geti fylgst með starfinu. Upplýsingar séu settar fram á einfaldan hátt

Annað

Í svörum við spurningunni um hvað sé mikilvægasta í leikskólanum fyrir foreldra, sem flokkast undir Annað, fer mest fyrir óskum foreldra um að fá að taka þátt í starfi leikskólans og skyldum athugasemdum. Til dæmis segir móðir nokkuð eftirfarandi:

Fá að vera þátttakandi í leikskólastarfinu og vita að barnið sé ánægt og líði vel í skólanum

Einnig er nokkuð óskir um sveigjanlegan vistunartíma:

Komið sé til móts við vistunarþarfir og sveigjanlegan vistunartíma

Aðrar athugasemdir eru af öllum toga og virðast ekki eiga neitt sérstakt sameiginlegt. Oft er bara um að ræða eitt orð, eins og „traust“, „tilkynningaskylda“ eða „ekkert.“

Samantekt um opna spurningu nr. 2

Samskipti við starfsfólk og upplýsingaflæði er það sem ber hæst þegar foreldrar eru spurðir að því hvað sé mikilvægast fyrir þá í leikskólum barna þeirra. Líðan barna er þeim einnig ofarlega í huga og oft tengjast þessir þættir innbyrðis í svörum foreldra. Í stuttu máli má þannig segja að foreldrar leikskólabarna í Mosfellsbæ vilji eiga góð samskipti við starfsfólkið sem sér til þess að börnum þeirra líði vel og miðlar ötullega til þeirra upplýsingum um leikskólastarfið.

Opin spurning 3: Hvað finnst þér mikilvægast í leikskólanum fyrir starfsfólk?

382 svör bárust við spurningunni um hvað foreldrum finndist mikilvægast í leikskólanum fyrir starfsfólk. Svörin voru greind í 5 flokka. Þeir eru:

- Líðan
- Samskipti
- Fagstarf
- Kjaramál
- Annað

Þeir fyrstu þrír lýsa sambærilegum áherslum og fram komu í fyrri spurningunum tveimur, þar sem flokkurinn Samskipti nær mikið til yfir sambærileg áhersluatriði og flokkurinn Þáttur starfsfólks gerði í svörum við hinum spurningunum. Þátturinn *Líðan* spannar þó töluvert breiðara svið hér en áður, en þar er ekki aðeins fjallað um líðan starfsfólks, heldur einnig ýmsa þætti sem hafa bein áhrif á líðan á vinnustað. Flokkurinn sem hér er nýr fær nafnið *Kjaramál* og umfjöllunarefni á borð við laun, starfsöryggi, réttindi, skyldur og fríðindi ættu að gefa hugmynd um hvað í honum felst.

Líðan

Það kemur kannski ekki á óvart í ljósi þess að margir þeirra þátta sem geta haft áhrif á líðan starfsfólks eru flokkaðir hér saman að fleiri svör falla í þennan flokk en nokkurn annan. Af þeim sökum er einnig full ástæða til að gefa þessum svörum góðan gaum.

Segja má að skipta megi svörum innan þessa flokks í nokkra undirflokka, eftir áherslum. Þar ber fyrst að nefna svör sem einfaldlega ganga út á það að líðan starfsfólks sé það mikilvægasta fyrir það á leikskólanum. Ýmist er talað berum orðum um líðan, eins og í þessu dæmi:

Að því líði líka vel og séu ánægð í vinnu

Eða það er orðað á annan hátt, þó innihaldið sé áþekkt:

Að starfsánægja sé fyrir hendi, vel búið að starfsfólki

Eða á þennan hátt:

Halda geðheilsunni

Næst má greina frá annarri umfangsmikilli áherslu sem hér kemur fram, en það er áhersla á starfsskilyrði og –umhverfi. Dæmi um svör af þessu tagi:

Að starfsfólkið fái nægan tíma til undirbúnings

og

Hvetjandi vinnuumhverfi og að starfsfólki líði vel í vinnunni

Mjög margir nefna starfsumhverfi ásamt samskiptum, starfsanda og fleiru. Einnig minna fjölmargir foreldrar á mikilvægi þess að leikskólar séu vel mannaðir og að ekki sé ætlast til þess að hver starfskona sinni fleiri börnum en hún getur með góðu móti.

Svör sem snúast um aðstöðu og aðbúnað starfsfólks eru einnig fjölmörg. Yfirleitt er ekki útlistað hvað átt er við með orðum eins og „starfsaðstæður“ eða „aðstaða“ heldur standa þessi orð eins og sér og oft minnst á aðrar áherslur í beinu framhaldi. Tvö dæmi um slíkt:

Góð starfsaðstaða, góður starfsandi og sveigjanleiki

og

Góð vinnuaðstaða og stuðningur til að geta sinnt góðu starfi. Hæfilegt vinnuálag og gott upplýsingaflæði (frá foreldrum varðandi börn og frá öðru starfsfólki varðandi starfið og fleira sem því tengist)

Starfsandi er ofarlega á baugi í svörum foreldra. Hér eru tvö dæmi um slík svör:

Góður starfsandi, og sanngirni á milli yfir og undirmanna

og

Góður starfsandi endurspeglast í ánægju starfsfólks sem leiðir til góðrar umönnunar barnanna

Síðasti undiráhersluflokkurinn sem greindur var í flokknum Líðan snýst um persónulega eiginleika, svo sem „jákvæðni“, „virðingu“ og „gleði“. Ekki er í öllum svörum ljóst hvort átt er við persónulega eiginleika starfsfólks eða eiginleika sem einkenna andann á vinnustaðnum, eða jafnvel samskipti við foreldra. Hér gefur á að líta svar þar sem talað er um persónulega eiginleika annars vegar og atriði sem sennilega teljast hvað helst til starfsumhverfis og –skilyrða, af því sem hér hefur verið nefnt:

Jákvæðni, umhyggja, skilningur og virðing. Að stutt sé og hvatt til stöðugar endurmenntunar og starfsfólk hafi svigrúm til þess að leggja til skemmtileg viðfangsefni fyrir börnin.

Að lokum er í mörgum þessara svara að finna hrós, auk þess sem oft er minnst á að ánægt starfsfólk sé lyklatriði hvað varðar ánægju og góða líðan barnanna. Hér er dæmi um svar þar sem starfsfólki er hrósað fyrir ákjósanlega persónulega eiginleika:

Mér finnst frábært að sjá jákvæðnina og gleðina í starfsfólkinu á leikskólanum - mér sýnist starfsandinn vera góður og það skilar sér til barnanna

Samskipti

Í flokknum samskipti er rætt um samskipti starfsfólks hvert við annað og við stjórnendur, við börn og síðast en ekki síst við foreldra, en það eru þau samskipti sem oftast er minnst á. Hér gefur á að líta dæmi um svar af þessu tagi sem segja má að sé dæmigert:

Að foreldrar beri virðingu fyrir því starfi sem fer fram á leikskólanum og fyrir starfsfólkinu líka

Og hér er dæmi um svar þar sem sjónum er beint að samskiptum starfsfólks innbyrðis:

Að starfsfólk vinni vel saman og hafi svipaða sýn á starfið og reglurnar og líði vel á leikskólanum. Að starfsfólkið sé sáttt við starfið og yfirmenn/-konur. Gleði!

Fagstarf

Menntun starfsfólks, endur- og símenntun og möguleikar til starfsþróunar, fagleg vinnubrögð og fjölbreytileiki í starfi eru meðal helstu áhersluefna í þeim svörum sem flokkuð eru undir Fagstarf. Dæmi um svör í þessum flokki:

Að því sé gefið tækifæri á að þróast í starfi. Fá reglulega fræðslu um málefni er varðar börn. Þetta skiptir sérstaklega máli fyrir ófagmenntað starfsfólk sem hefur ekki sama bakgrunn og hinir sem hafa gengið í gegnum námið

Og sum svörin voru einfaldlega stutt og laggóð:

Fagleg vinnubrögð, hlýtt viðmót

Kjaramál

Svör sem snúast um kjaramál eru ekki ýkja stór hluti svara við þessari spurningu en fjöldi þeirra er mjög áþekkur á milli leikskóla sé tekið mið af fjölda svarenda á hverjum leikskóla. Langalgengust eru svör þar sem kallað er eftir betri launum fyrir starfsfólk. Hér eru dæmi um slík ummæli:

Að störf þeirra séu metin betur, m.a. með kauphækkun sem það vinnur svo sannarlega fyrir. Þá má leiða líkur til að stöðugleiki aukist og starfsánægja sömuleiðis

og

Af gefnu tilefni vil ég nefna góð laun númer eitt. Annars skiptir góður starfsandi miklu máli, gott utanumhald og faglegt starfsumhverfi

Einnig er minnst á framkomu og hlutverk stjórnenda og eins og minnst var á hér að ofan er talað um réttindi, skyldur, fríðindi og starfsöryggi. Hér er enn eitt ágætt dæmi:

Skýrar reglur um réttindi og skyldur þannig að allir viti hvað og hvernig á að vinna störf sín

Annað

Að meðaltali falla ríflega 6 svör við opinni spurningu nr. 3 hjá hverjum leikskóla undir flokkinn *Annað*. Meirihluti þeirra snúast um að foreldrar skilji ekki hví þeir séu spurðir að því hvað þeir telji mikilvægast á leikskólanum fyrir starfsfólk, eða gefa slíkt til kynna. Spurningamerki koma þannig víða fyrir, einnig þrípunktur og „x“. Sumir segja einfaldlega „skil ekki spurninguna“ eða „spurning óskýr“. Athugasemdir af þessu tagi koma einnig fyrir í svörum sem falla undir aðra flokka, til dæmis Líðan, eins og þetta svar hér:

Að því líði vel þar (skil ekki spurningu nægjanlega vel)

Önnur svör eru með ýmsu móti, meðal annars er talað um „trausta stöðu“ án nánari útskýringa „öryggi“ án þess að sjá megi af samhenginu hvers konar öryggi sé átt við, almenna ánægju með leikskólann og að lokum sýnir eitt þeirra foreldra sem ekki segist vita svarið áhuga á að fá að vita það:

Hef ekki hugmynd um það... það þarf að koma frá starfsmönnum... (mætti miðla til foreldra)

Samantekt um opna spurningu nr. 3

Spurningin um hvað sé mikilvægast í leikskólanum fyrir starfsfólk virtist koma sumum á óvart og vafðist fyrir nokkrum að svara. Langflest svörin snúast hins vegar um líðan eða þætti sem hafa bein áhrif á líðan, svo sem starfsskilyrði og –umhverfi, aðstöðu og aðbúnað starfsfólks, starfsandi og persónulega eiginleika. Einnig er talað um góð samskipti við foreldra, börn og samstarfsfólk, ýmiss konar áherslur í tengslum við faglegt starf og kjaramál og ber þar hæst að nefna kröfur um hærri laun starfsfólki leikskólanna til handa.

Opin spurning 4: Hverju finnst þér ábótavant í leikskóla barnsins þíns?

Alls voru skráð 337 svör við spurningunni um hvað foreldrum finndist ábótavant í leikskóla barns þeirra. Athugasemdir voru ýmiss konar og við greiningu var þeim skipt í 6 flokka:

- Aðstaða
- Fagstarf
- Þáttur starfsfólks
- Skipulagsatriði
- Upplýsingaflæði
- Annað

Þeir flokkar hér sem ekki hafa áður komið við sögu eru *Aðstaða* og *Skipulagsatriði*. Í þeim síðarnefnda er fjallað um ýmislegt er viðkemur starfi leikskólans og framkvæmd, eins og þessir þættir koma foreldrum fyrir sjónir. Flokkurinn *Aðstaða* á talsvert sameiginlegt með skipulagsflokknum en þar er höfuðáherslan á aðstöðu barnanna jafnt innan dyra sem utan.

Aðstaða

Í flokknum *Aðstaða* er að finna svör foreldra sem snúast um húsakynni, aðstöðu í fataklefa, leikaðstöðu inni og úti, bílastæði og annað í þeim dúr. Athugasemdir um eru mjög misjafnar eftir leikskólum og víðast samhljómur á milli athugasemdum innan hvers leikskóla. Á þremur af leikskólunum eru þrengsl í fataklefa foreldrum ofarlega í huga og á sama leikskóla kvarta foreldrar undan því að þurfa að fara með töskur barnanna heim í lok hvers dag. Dæmi um svar þar sem bæði þessi áhersluatriði koma fram:

Vantar betri aðstöðu til að geyma útivistarföt, svo að það þurfi ekki að taka töskuna með heima alla daga

Sums staðar er ljóst að foreldrar hafa talsverðar áhyggjur af því að húsnæðið sé ekki í lagi. Dæmi um tiltölulega alvarlega athugasemd um húsakost:

Ég held að húsnæðið sé ekki alveg í lagi, merki það á þungri lykt á morgnana og leiðinlegri lykt af fötum barnsins þegar það kemur heim. Held að það sé sveppur að hreiðra um sig í húsnæðinu.

Á tveimur af leikskólunum var útisvæði endurnýjað í fyrrasumar og það skilar sér í ánægju foreldra:

Held ekkert, það er búið að gera lóðina sem er æði :o)

Fagstarf

Nokkur munur er á fjölda svara er varða fagstarf leikskólanna við spurningu 4, fjöldinn er á bilinu 0 – 10 og endurspeglar ekki stærð skólanna eða fjölda heildarsvarenda. Sum svörin snúast um kerfið, í sumum svörum er óskað eftir ákveðnum áherslum í uppeldi og kennslu og sums staðar er um að ræða hrós. Hér er dæmi um kerfistengt svar:

Ég kemst ekki með barnið mitt til talmeinafræðings vegna þess að hann kemur í 1 mánuð á ári. Þar sem barnið mitt hefur ekki meiriháttar talgalla þá get ég ekki fengið þessa þjónustu. Önnur börn með meiri talgalla eru sett í forgang. Ég hef áhyggjur af þessu vegna þess að þetta getur haft áhrif á lestrarnám í grunnskóla. Lítil hjálp frá talmeinafræðingi getur haft allt um lestrargetu barnsins míns að segja í framtíðinni

Dæmi um ákveðnar hugmyndir um hvað börnin eigi að hafa fyrir stafni á leikskólanum:

Þema daga kannski. Að talað sé og sýndar myndir um eitthvað ákveðið. Að þau læri eitthvað smá. Eins og himingeimurinn, líkaminn og landslag

Þáttur starfsfólks

Svör foreldra sem tengjast starfsfólki spanna afar breytt svið. Algengast virðast vera kvartanir um ófullnægjandi móttöku barnanna á morgnanna. Einnig er minnst á skort á fagmennsku innan starfsmannahópsins, framkomu starfsfólks við börnin, starfshætti þess og málfar, samskipti starfsfólks við foreldra og ýmislegt fleira.

Stundum þegar við komum í leikskólann þá er ekki manneskja sem tekur á móti heldur eru þær bara inni á deild en það er ekki oft sem það gerist

Sumum dettur ekkert í hug sem gæti talist ábótavant og svörin snúast því fyrst og fremst um hrós:

Er mjög ánægð með starfsemi leikskólans, gott starfsfólk með gott viðmót. Ekkert allavega í augnablikinu sem ég man

Skipulagsatriði

Sumarfrí starfsfólks, sumarstarfsfólk, aðlögun á milli deilda, reykingar starfsfólks á skólalóð, skráningar á því hve mikið börnin sofa og borða, stjórnendur leikskólans, of fá eða ómarkviss foreldraviðtöl, hlutfall útiveru, gæsla í útiveru, ónógur markviss lestrarundirbúningur, notkun smekkjia og reglur um inniveru vegna veikinda eru meðal þess sem foreldrar gera að umræðuefnum sínum í þeim svörum sem hér eru flokkuð undir skipulagsatriði. Tvö áherslusvið standa þó upp úr, annars vegar er það ósk um betri kynningu á starfsfólki og hins vegar

heilsutengdar athugasemdir, um hollt mataræði, útiveru og hreyfingu. Oft haldast ábendingar í hendur innan leikskólanna, á einum leikskólanum eru óánægjuraddir vegna sumarleyfa starfsmanna til að mynda áberandi flestar á meðan foreldraviðtöl og aðgengi foreldra að starfsfólki eru foreldrum ofar í huga á öðrum.

Algengasta svarið var orðað eins í mörgum tilfellum:

Kynningu á nýju starfsfólki

En hér er dæmi um svar af öðrum toga:

Of fátt starfsfólk í lok dags og að hitta ekki allt starfsfólk deildarinnar vegna mismunandi vinnutíma. Vantar tíma í íþróttahúsi. Veit of lítið um daglegt starf deildarinnar og áréttu að foreldraviðtöl mættu vera fleiri en eitt á ári

Upplýsingaflæði

Eins og flokkurinn Aðstaða má segja að svör sem teljast til flokksins Upplýsingaflæði eigi margt sameiginlegt með Skipulagsatriðaflokknum. Hlutverk starfsfólks við að upplýsa foreldra annars vegar og heimasíðumál standa hér upp úr. Dæmi um ýtarlegt svar:

Upplýsingaflæði en það hefur lagast mikið. Fannst ég lítið vita hvað barnið mitt væri að gera þar sem barnið var sótt á aðra deild og tjáði sig lítið, sömuleiðis misstum við foreldrar af viðburðum því uppl. um það komust ekki til skila til okkar. Tek það fram að þetta hefur lagast mikið og er eiginlega ekki til staðar lengur. Eins finnst mér starfsfólk á skiladeildum megi kveðja börnin betur og koma að tali við foreldra, það er yfirleitt ekki gert, heldur bara sagt Bless við barnið. Gott væri að heyra hvað barnið hefur verið að gera í leik og hvort það hafi borðað, við hvern það lék og þessháttar

Og sýnishorn af svörum þar sem heimasíðan er í brennidepli:

Heimasíðan mætti vera mun betri, þ.e.a.s. meiri upplýsingar þar inni á, veit reyndar að það stendur til bóta. Meiri myndir, matseðillinn mæti vera þar inni á til að koma í veg fyrir þessa yndislegu setningu: „æji.. ekki fiskur.. fékk fisk í leikskólanum í dag“

Annað

Fjölmargir foreldrar telja engu ábótavant í leikskólum barna sinna og svarið „Ekkert“ er hið langalgengasta í þessum flokki. Flest svörin voru í svipuðum dúr, sumir segjast ekki muna eftir neinu eða nota tækifærið til að lýsa yfir almennri ánægju með leikskólastarfið og aðrir segja að það sem þeir hafi fram að færa í þessu samhengi sé þegar komið fram. Ekki er að merkja neinn rauðan þráð í þeim svörum í þessum flokki sem eru af öðrum toga, en hér eru tvö dæmi af handahófi:

Mér finnst í rauninni engu ábótavant en ég væri til í að svona einu sinni á ári að foreldrar fengju að vera með í heilan dag

og

Við erum að mestu leyti mjög ánægð með leikskólann. Það hafa komið upp örlítil óánægja en leikskólastjórinn er alltaf til staðar og maður hefur getað sagt henni frá óánægjunni og hún löguð um leið

Samantekt um opna spurningu nr. 4

Aðstaðan á leikskólanum er mörgum foreldrum hugleikin og meðal þess sem minnst er á er eitt og annað er varðar aðstöðu barnanna innandyra sem utan og aðstöðu foreldra, til dæmis bílastæði. Fólki finnst einu og öðru ábótavant í fagstarfi og vilja meðal annars hafa áhrif á það sem börnin hafa fyrir stafni á leikskólanum. Frammistaða starfsfólks er einnig til umræðu og þá sérstaklega móttaka barna í upphafi dags. Foreldrum finnst eitt og annað athugasemdir við skipulag skólustarfsins, einkum kynningu nýs starfsfólks og matseðil og þeir leggja áherslu á öflugna miðlun upplýsinga frá leikskólanum til foreldra. Stakar athugasemdir snúast meðal annars um óskir foreldra til aukinnar þátttöku í leikskólastarfinu, en margir eru einfaldlega ánægðir, segjast ánægðir með leikskólastarfið og vilja engu breyta.

Opin spurning 5: Hvað ertu ánægðust / ánægðastur með í leikskóla barnsins þíns?

Svör við opinni spurningu nr. 5 eru heldur fleiri en við nr. 4, eða 382 talsins. Það lætur nærri að segja megi að svarið við því hvað foreldrar séu ánægðastir með á leikskólum barna sinna sé einfalt: Starfsfólkið. Sá þáttur fær til muna meiri umfjöllun en allir hinir samanlagt. Hér verður gerð sérstök grein fyrir þessum umfangsmikla flokki af hinum 6 sem svörum við þessari spurningu var skipt niður í, en þeir eru þeir sömu og í spurningu 4:

- Líðan
- Aðstaða
- Fagstarf
- Þáttur starfsfólks
- Skipulagsatriði
- Annað

Líðan

Eins og fram er komið í umfjöllun um svör við aðrar spurningar könnunarinnar er líðan barnanna gegnumgangandi áhersluatriði í fjölmörgum svörum. Hið sama er uppi á teningnum hér og láta

foreldrar uppi mikla ánægju með gott atlæti barnanna og ýmislegt því tengt. Dæmi um ánægju foreldra með góða líðan barna sinna og skylda þætti:

Barninu líður mjög vel og tekst á við krefjandi verkefni og lærir eitthvað daglega. Greinilega góð málörvun og fræðandi starf! Erum mjög ánægð með leikskólann!

og

Vellíðan barns og það umhverfi sem hefur náðst að skapast. Einnig að vandamál hafa verið afar fá

Aðstaða

Heldur færri minnst á aðstöðu þegar spurt er um hvað foreldrar séu ánægðastir með heldur en þegar spurt er hverju sé ábótavant. Engu að síður koma fram einhver svör er snúast um aðstöðu á 6 leikskólum af þeim 7 sem starfræktir eru í bæjarfélaginu. Svörin eru misýtarleg, en í stuttu máli má segja að þau snúist um aðstöðu barna til leiks og þroska jafnt inni sem úti. Hér eru tvö dæmi:

Með salinn, drengurinn minn elskar að þríla og hann er sjaldan ánægðari en þegar hann fer í salinn. Finnst verst að þetta sé bara einu sinni í viku :o)

og

Mjög ánægður með nýja útisvæðið

Fagstarf

Faglegt starf er þónokkuð ofarlega á baugi þegar foreldrar segja frá ánægju sinni með leikskólann. Meðal þess sem fjallað er um í þessum flokki er hvernig aðstaða og útbúnaður (húsnæði, útileiksvæði, tæki og fleira) þjónar faglegu starfi leikskólans, markviss þroskaörvun og kennsla, vægi leiks barnanna, stefnur leikskólanna og almennt hvernig starfsfólki ferst uppeldishlutverkið úr hendi. Sumir nefna líka „faglegt starf“ án þess að útlísta nánar við hvað sé átt.

Hér eru dæmi um þrjú nokkuð upplýsandi svör:

Það faglegra starf sem unnið er í skólanum og hvernig þau eru undirbúin fyrir skólastarfið sem tekur við á næstu árum

Mér finnst vera lögð áhersla á að börnin fái að vera þau sjálf. Dóttir mín er líflegur karakter og starfsfólk skólans leggur áherslu á að hún fái að njóta sín í stað þess að steypa öllum í sama mótið

Mikið gott starf sem er unnið á elstu deildinni, eins og dans, íþróttir, markviss málörvun, stig af stigi, náttúruverkefnið og öll þessi fræðsla sem barnið kemur með heim

Þáttur starfsfólks

Eins og drepið var á hér að framan eru svör sem snúast um allt það sem hér hefur verið felld undir hinn svokallaða, Þátt starfsfólks, þau langalgengustu við þessari spurningu og ljóst að foreldrar kunna starfsfólki miklar þakkir fyrir starf sitt. Svörin eru með ýmsu móti, allt frá:

þolinmæði starfsfólks og vinalegt viðmót

yfir í

Ég er mjög ánægð með starfsfólkið sem mér finnst allt vera til fyrirmyndar. Þær eru upp til hópa ótrúlega indælar, jákvæðar, bera mikla virðingu og umhyggju fyrir börnunum. Þær eru alltaf duglegar að láta mann vita af því sem skiptir máli, ef eitthvað er um að vera eða eitthvað kemur uppá. Þær taka ávallt vel á móti barninu og kveðja það í lok dags. Mér finnst starfsmennirnir líka mjög passasamir á föt og annað.

Meira en tveir þriðju svaranna við opinni spurningu nr. 5 snýst um starfsfólk og því full ástæða til að greina þennan fjölda svara aðeins nánar. Þegar svörin eru gróflega greind í þrjá undirflokkar; persónulega og faglega eiginleika starfsfólks, fagmennsku þess og fagleg vinnubrögð og samskipti eða viðmót verður eftir tiltölulega stór flokkur sem hlýtur nafnið Annað. Í hann falla allar almennar umsagnir um starfsfólk þar sem lýst er ánægju, án þess að tilgreina hvaða þættir það eru í fari starfsfólks sem foreldrar eru ánægðir með.

Undirflokkar eru því eitthvað á þessa leið:

- Persónulegir og faglegir eiginleikar
- Viðmót, samskipti, tengsl
- Fagmennska og fagleg vinnubrögð
- Annað

Talsvert margir hrósa starfsfólki fyrir góða og eftirsóknarverða eiginleika. Sem dæmi um slík svör má nefna þetta hér:

Starfsfólkið er yndislegt og faglegt, tekur vel á móti barninu og barninu virðist líða mjög vel.

Og önnur eru stutt og laggóð:

Umhyggju, kærleika og nándina við börnin

Umræða um fagmennsku og fagleg vinnubrögð er líka nokkur. Hér eru tvö dæmi þar sem fagleg vinnubrögð eru vegsömuð:

Frábært starfsfólk, fylgist vel með börnunum, örva þau og kenna þeim margt og mikið og sýna þeim hlýju

Flott starfsfólk sem kemur til móts við þarfir barnsins míns og er duglegt að segja mér frá því jákvæða sem kemur frá barni mínu. Mikið sungið, barnið kann ótrúlega mikið af textum.

Margir leggja einnig áherslu á mikilvægi góðra samskipta. Fjallað er um tengsl, viðmót, framkomu og samskipti starfsfólks innbyrðis, við börnin og við foreldra. Hér er þrjú dæmi um svör af þessum toga:

Ég er ánægðust með það hvað viðmótið er gott og maður finnur hvað börnunum líður vel. Það er aldrei neitt vandamál. Ef eitthvað gleymist heima þá er aldrei vandi að redda því

Viðmót starfsfólks - bæði leikskólakennarana, eldhússtarfsfólks og yfirmanna skólans :) og að barnið mitt er ánægt á leikskólanum - virðist fá að gera alls konar skemmilega hluti :)

Gott starfsfólk og góðan anda. Mjög góður leikskólastjóri sem gott er að tala við

Síðasti undirflokkurinn undir yfirskriftinni þáttur starfsfólk er svo flokkurinn Annað sem eins og annars staðar í greiningunni er eins konar afgangsflokkur fyrir svör sem ekki falla í ofangreinda flokka. Í langstærstum hluta svaranna í þeim flokki segja foreldrar aðeins „starfsfólk“, „gott starfsfólk“, eða jafnvel „frábært starfsfólk“ en þar sem engar frekari útlistanir fylgja er erfitt að segja til um hvað það er í fari eða starfi starfsfólksins sem foreldrar eru svo ánægðir með. Sum svörin eru þó meira lýsandi, eins og þetta hérna:

Ég er ánægðastur með hversu vel hefur tekist til með það starfsfólk sem í grunninn ber uppi starfsemi leikskólans. Væri það ekki til staðar tel ég að barnið mitt væri ekki jafn öruggt, sátt og ánægt og raun ber vitni.

Fleiri svör eru í svipuðum dúr:

Frábært starfsfólk. Það er það sem gerir það að verkum að allt hitt gengur upp :o)

Starfsfólkið er leikskólinn... og það er frábært

Athugasemdir um stjórnun skólans eru einnig nokkrar og falla undir þennan flokk. Hér er dæmi um svar þar sem stjórnendur eru meðal annars mæðir:

Skólastjórana og skólastefnuna og nýja húsnæðið og útiskólastofurnar

Að lokum hafa þónokkrir orð á því að lítil starfsmannavelta sér þeim mikilvæg, hér er dæmi um slíkt svar:

Hvað sama starfsfólkið hefur haldist lengi

Skipulagsatriði

Ánægja með vel heppnaða aðlögun og móttöku foreldra, dagskipulag, deildarskiptingu, útiveru, hreyfingu, mataræði, hópakerfi, undirbúning fyrir grunnskólagöngu, fjölbreytta dagskrá og stefnur og markmið leikskólans eru meðal þess helsta sem hér er flokkað undir skipulagsatriði. Hér eru tvö ólík dæmi:

Mjög ánægð með yngstu deildina - þar var vel tekið á móti okkur og allir mjög vingjarnlegir. Einnig mjög gott að hafa deildina svona sér

Góður stöðugleiki í leikskólanum..allt mjög fastmótað og lítil starfsmannavelta. Skýr stefna

Annað

Í langflestum þeirra svara við spurningunni um hvað foreldrar væru ánægðastir með sem felld eru undir flokkinn Annað segja foreldrar einfaldlega „allt“. Sumir fara fleiri orðum um hvað þeir eiga við með því og eins og annars staðar fellur hluti svaranna víða undir aðra flokka. Í öðrum svörum er óljós við hvað er átt nákvæmlega og því erfitt að fella svarið í ávkeðinn flokk. Hér eru tvö dæmi sem ættu að gefa ágæta mynd af heildinni:

Vináttuna í hópnum. Starfsfólkið

Er mjög ánægður á heildina litið. Númer eitt er að barninu líði vel og að maður sjái að það þroskist vel og læri á lífið í leikskólanum. Það hefur tekist vel til.

Samantekt um opna spurningu nr. 5

Starfsfólkið er númer eitt, tvö og þrjú hvað þegar foreldrar eru spurðir hvað þeir séu ánægðastir með á leikskólum barna sinna. Foreldrar telja starfsfólkið faglegt, búa yfir góðum persónulegum eiginleikum svo sem umhyggjusemi og hlýju, vera lipurt í samskiptum og bera starf leikskólanna uppi. Foreldrar eru einnig ánægðir með að börnum þeirra líður vel, aðstaða er góð úti sem inni og faglegt starf er gott. Foreldrum fellur vel hve vel leikskólarnir eru skipulagðir og fjölmargir eru einfaldlega ánægðir með „allt“.

Opinn liður 6: Ef þú vilt koma einhverju fleiru á framfæri, þá vinsamlegast skráðu það hér:

Síðasti liður könnunar á viðhorfum foreldra leikskólabarna í Mosfellsbæ er í raun ekki spurning, heldur er foreldrum gefið tækifæri á að koma á framfæri hverju því sem þeim kann að búa í brjósti. Mun færri framlög bárust við þessum lið en við flestum öðrum, eða 159 sem samsvarar um þriðjungi svarenda í könnuninni.

Yfirgnæfandi meirihluti þessara framlaga er með þeim hætti að þau hefðu hæglega getað átt við einhverja af framangreindum spurningum. Við greiningu er stuðst við þrjá flokka sem hafa komið fyrir í öðrum spurningum, en það eru Þáttur starfsfólks, Upplýsingaflæði og Annað. Tveir nýjir flokkar líta dagsins ljós: *Starfið* og *Almennt hrós*. Í stuttu máli má segja að flokkurinn *Starfið* sameini þá flokka sem í fyrri liðum hafa heitið *Fagstarf* og *Skipulagsatriði*. Eins og heitið gefur til kynna ber mest á „almennu hrósi“ undir í hinum nýja flokknum. Eins og gefur að skilja skarast hann á mörgum sviðum við hina flokkana, enda er ekki óalgengt að fólk hrósi t.d. starfsfólki, fagstarfi og skipulagsatriðum.

- Þáttur starfsfólks
- Starfið
- Upplýsingaflæði
- Almennt hrós
- Annað

Nánari umfjöllun um svörin í hverjum flokki er að finna hér að neðan.

Þáttur starfsfólks

Leiða má að því líkum að flest þeirra svara sem hér er að finna hefðu sómt sér vel undir starfsfólksflokknum í spurningunni á undan, þegar spurt var hvað foreldrar væru ánægðastir með. Það ber þó að virða að foreldrar hafa valið að setja umrædd framlög hér og ekki annars staðar. Lausleg athugun leiðir í ljós að sumir þeirra sem velja að hrósa starfsfólki hér svöruðu því til í spurningu 5 að starfsfólkið væri það sem þeir væru ánægðastir með, en aðrir sögðust ánægðastir með aðra þætti og virðast því vilja nota þetta tækifæri til að ýmist hrósa starfsfólkinu, eða þakka því (flestar beinar þakkir lenda undir flokknum *Almennt hrós*). Þannig gefur faðir nokkur þetta svar við opinni spurningu 5:

Almennt séð mjög ánægður með leikskólann í heild

Og þetta opna svar við lið 6:

Fyrir starfsfólkið: takk fyrir að hugsa um barnið mitt

Margir velja einnig að koma með mjög beint og persónulegt hrós til nafngreindra starfsmanna. Nokkrar umbótamiðaðar athugasemdir er þó einnig að finna hér, eins og til dæmis þessa:

Samskipti á milli starfsmanna í hlutastarfi og þess sem tekur við hópnum mætti vera betra

Starfið

Gróflega má skipta svörum er snúast um starfið í þrennt; ánægju, kvartanir og tillögur. Sumir láta sem sagt í ljósi ánægju með starfið og það sem því tengist. Tvö dæmi um framlög af þeim toga:

Ég er mjög ánægð með að krakkarnir fari í íþróttahúsið og það er alveg toppurinn á vikunni hjá mínu barni. Annars er ég mjög ánægð með allt sem viðkemur leikskólanum

Mig langar að hrósa sérstaklega fyrir að breitt sé yfir sandkassana í lok dags

Aðrir segja farir sínar ekki sléttar:

Finnst ekki að það mætti horfa á sjónvarp á leikskólatíma. Finnst það hafa komið upp soldið oft í vetur

Finnst að mætti leggja meiri áherslu á hreinlæti við klósettsferðir. Dóttir mín kemur mjög oft illa lyktandi heim þar sem hún hefur ekki alltaf rænu á að þrifa sig nógu vel eftir klósettferðir. Hef tekið eftir að þegar ég kem að sækja dóttur mína að stelpurnar þvo sér oft ekki um hendur eftir klósettferðir og stundum er ekki neitt handklæði eða pappír til þurrka sér í

Enn aðrir koma með tillögur um eitthvað sem gæti bætt starfið og / eða breytt því:

Ég myndi vilja hafa foreldrakaffi einu sinni í mánuði

Hvernig væri að prófa að hafa vefmyndavél, sem foreldrar geta tengst með lykilorði og fylgst með starfinu, séð barnið sitt oph. Þarf ekki að vera inná deild til að byrja með, td. í tölvustofu eða álíka til að prófa :)

Upplýsingaflæði

Upplýsingaflæðisflokkurinn er sá smæsti í þessum lið. Á þremur leikskólum minnst enginn á upplýsingaflæði en á einum leikskólanum eru athugasemdir sem snúast um upplýsingaflæði viðlíka margar og meðalfjöldi í öðrum flokkum. Gróflega má segja að óskað sé eftir umbótum á heimasíðum, auknum tölvupóstsamskiptum og upplýsingum á töflum, auk þess sem sumir kalla eftir eflingu upplýsingamiðlunar án þess að tilgreina eftir hvaða leiðum þeir vilja helst fá upplýsingar. Hér er dæmi um framlag foreldris barns á þeim leikskóla þar sem athugasemdir voru flestar og óánægja með heimasíðu mikil:

Ég skrifa það ekki í ábótavant heldur hér að ég er rosalega óánægð með að heimasíðan sé ekki búin að vera virk í næstum allan vetur. Ég skil ekki afhverju það hefur ekki verið sett í forgang að laga þetta. Það er ekkert sem kemur í staðinn. Það er ekki einsu sinni prentaðar út myndir svo við fáum að sjá eitthvað úr starfinu. Ef þetta kemur svo í lag í sumar og þá hefur maður ekkert til að skoða því barnið er hætt í leikskólanum og engar myndir

Einhverjir óska líka eftir eflingu tölvupóstssamskipta:

Má endilega vera möguleiki á póstlista. Mér finnst það alveg vanta að upplýsingum sé komið til foreldra í gegnum netfang

Að lokum eiga „gamlar og góðar“ upplýsingamiðlunarleiðir upp á pallborðið hjá hluta svarenda. Hér eru tvö ólík dæmi um slíkar athugasemdir:

Það væri ofsalega gaman að geta séð líka hvað krakkarnir eru að gera yfir daginn. Bara ef það væri einhver tafla frammi sem maður gæti skoðað. T.d. 2007 árgangur fór út og svo í dúkkukrókinn. Eftir háfdegi fóru þau í hvíld og svo í púðana. Eitthvað þannig, svo að foreldrar sjái að barnið er kannski ekki bara inni á deildinni allan daginn (fyrir utan útiveru)

Hef ekki tíma til að skoða einhverjar heimasíður fram og til baka. Mosfellsbær hættið þið að einskorða ykkur við netið. Finnst betra að fá upplýsingar á töflu inni á deild

Almennt hrós

Eins og fyrr segir skarast þessi flokkur mikið á við hina flokkana. Í þessum flokki segjast flestir annað hvort vera ánægðir með leikskólann í heild sinni eða starfið sem þar fer fram, eða einfaldlega þakka fyrir sig. Sumir óska starfsfólki einnig til hamingju með hið góða starf og einnig er nokkuð um hvatningar til að halda áfram á sömu braut og ýmiss konar árnaðaróskir. 8 framlög eru einfaldlega stutt og laggóð; „takk“ eða „takk fyrir mig / okkur“.

Dæmi um tvennt sem foreldrar vilja koma á framfæri og sem flokkað er undir Almennt hrós:

Þakklæti fyrir góðan leikskóla sem ég treysti til þess að sinna barninu mínu

Já, það er að leikskólarnir í mos eru þeir bestu á landinu. Hef verið í 3 sveitarfélögum með börn og enginn kemst með tærnar þar sem þið eruð með hælana. Kveðja

Annað

Undir liðinn Annað fellur svarið „nei“ (að það sé ekkert fleira sem viðkomandi foreldrar vilji koma á framfæri) og annað í þeim dúr (svo sem „?“ og „pass“), sem og athugasemdir um sjálfa

Viðhorf foreldra leikskólabarna

könnunina (lengd, spurningar, svarmöguleika, persónuupplýsingar). Í sumum svörum lýsa foreldrar áhyggjum af einhverju sem ekki fellur beint undir neinn af hinum flokkunum, hvetja starfsfólk til áframhaldandi góðs starfs eða óska eftir upplýsingum / útskýringum um eitthvað sem þeim finnst þeir ekki kunna nægilega góð skil á. Á einum leikskólanum er því lýst yfir í tveimur framlögum að viðkomandi skóli sé ástæða þess að þeir velja að búa í bæjarfélaginu. Tvö dæmi, hvort af sínum toga:

Mér finnst að þessi könnun þyrfti að hafa lið þar sem hægt er að merkja við (eða tilgreina á annan hátt) á hvaða deild barnið mitt er, enda eru deildir og starfsfólk þess ákaflega mismunandi

Mér finnst að starf leikskólaráðs hafi ekki verið nægilega kynnt

Samantekt á framlögum við opnum lið 6:

Flestir þeirra sem velja að koma einhverju á framfæri við opnum lið nr. 6 láta í ljósi ánægju með eitt eða annað í starfi leikskólans. Margir hrósa starfsfólkinu eða þakka því vel unnin störf og aðrir beina sjónum sínum almennt að starfinu og ýmist lýsa ánægju, kvarta eða koma með tillögum um starfið. Fáir fjalla um upplýsingaflæði, nema á einum leikskóla þar sem kvartað er undan ófullnægjandi heimasíðu. Aðrir óska eftir auknum tölvupóstssamskiptum og upplýsingatöflum. Hrós og þakkir eru áberandi og að lokum nota sumir þetta tækifæri til að segja frá einhverju sem þeir finnst þeir ekki nægilega vel upplýstir um eða gera athugasemdir við sjálfa könnunina.

Samantekt og ábendingar

Niðurstöður könnunar á viðhorfum foreldra leikskólabarna í Mosfellsbæ benda til almennrar ánægju foreldra með það starf sem fram fer í leikskólum bæjarfélagsins. Þegar foreldrar voru beðnir að meta einstaka þætti starfsins á 5 svara kvarða frá *mjög vel / mjög gott* til *mjög illa / mjög slæmt* reyndist í öllum tilfellum nema einu afgerandi meirihluti foreldra ánægður með það sem um var spurt.

Ljóst er að þeim foreldrum sem þátt taka í könnuninni er mjög umhugað um gott aðgengi að upplýsingum um starf leikskólans, sérstaklega leggja þeir áherslu á fréttir af daglegum viðburðum og tilkynningar um fyrirhugaða viðburði. Þessi áhersla á gott upplýsingaflæði kemur fram í svörum við mörgum ólíkum liðum könnunarinnar. Þar sem svör við raðkvarðaspurningum sýna litla ánægju með heimasíðu kemur sá skortur á ánægju einnig skýrt fram í svörum foreldra við opnum spurningum þar sem kallað er eftir umbótum á þeim heimasíðum sem foreldrar eru óánægðir með. Þrátt fyrir aukna áherslu samtímans á miðlun upplýsinga á rafrænu formi segjast flestir foreldrar leikskólabarna í Mosfellsbæ helst fá upplýsingar um starfið í gegnum tilkynningar sem hengdar eru upp á leikskólunum, auk þess sem miklu er miðlað í gegnum daglegt spjall við starfsfólk.

Þau svör sem skáru sig hvað mest frá öðrum svörum í könnuninni voru við spurningu 13, þar sem spurt var hversu vel eða illa foreldrum finndist nýtt starfsfólk kynnt. Yfir heildina fannst viðlíka mörgum starfsfólk *frekar eða mjög illa* kynnt og *frekar eða mjög vel*. Í sumum leikskólunum var þó ánægja með kynningu heldur meiri en óánægja og í öðrum var því öfugt farið.

Erfitt er að segja til um hvað getur valdið þessum skiptu skoðunum og því að almennt er minni ánægja með kynningu nýs starfsfólks en flesta aðra þætti leikskólastarfsins. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður undanfarinna ára, þar sem viðhorf foreldra til þessa atriðis hafa ævinlega skorið sig úr á sambærilegan hátt. Óformleg samtöl við starfsfólk og stjórnendur hafa leitt í ljós að þessi hópur er vel meðvitaður um mikilvægi þess að nýtt starfsfólk sé kynnt vel fyrir foreldrum. Í sumum tilfellum hafa stjórnendur meðvitað reynt að ganga sem allra best frá kynningu nýrra starfsmanna og það voru því mikil vonbrigði að niðurstöður skyldu ekki sýna jákvæðari upplifun foreldra af kynningu nýs starfsfólks en raun ber vitni.

Þær ástæður sem í þessu samhengi hafa verið nefndar sem hugsanlegar skýringar eru nokkrar. Annars vegar að kynning á nýju starfsfólki standi ekki nógu lengi yfir – að starfsmaður sem kynntur var fyrir nokkrum mánuðum geti enn virst „nýr“ í augum foreldris sem hefur verið vant við látið þessa mánuði og ekki komist oft til að fara með barnið á leikskólann eða ná í það. Á sama hátt getur verið að foreldri sem að jafnaði fer með barn á leikskólann en sækir það ekki verði undrandi þegar það rekst á starfskonu þegar það sækir sem ekki er mætt á morgnanna þegar það kemur með barnið og telji hana því nýja í starfinu. Enn fremur má vera að í þeim

tilfellum þar sem fámenni í lok dags er leyst með því að sameina deildar eða fá starfskrafta af öðrum deildum til að vera til staðar þegar foreldrar sækja börn sín upplifi foreldrar það starfsfólk sem það hittir undir slíkum kringumstæðum sem „nýtt“ þó að það hafi ef til vill nokkurn starfsaldur innan leikskólans - á annarri deild.

Hverjar sem ástæðurnar kunna að vera er ljóst að í þessum niðurstöðum felst í senn áskorun fyrir starfsfólk leikskólanna og spennandi tækifæri til að renna styrkari stoðum undir samskipti starfsfólks og foreldra. Það er höndum starfsfólks og stjórnenda að stuðla að því að foreldrar séu örugggir gagnvart starfsfólki og finnist þeir þekkja þá sem gæta barna þeirra og meðal aðferða til að tryggja þennan árangur gæti verið að lengja markvissa kynningu hvers nýs starfsmanns og að gera foreldrum aðgengilegar upplýsingar um allt starfsfólk leikskólans.

Niðurstöður könnunarinnar benda einnig til þess að foreldrum sé mjög umhugað um heilsu barna sinna, hvort sem um er að ræða mataræði, hreyfingu eða útivist. Í leikskólum þar sem foreldrum finnst einhverjum þessara þátta ábótavant koma víða fram óskir um endurbætur þar að lútandi.

Skráningar á því hvað börnin láta ofan í sig yfir daginn virðast einnig misgóðar á milli leikskóla. Algengt er að dregið sé úr skráningum á því hvað börn láta ofan í sig á leikskólum eftir því sem þau eldast. Ef raunin er að leikskólar í Mosfellsbæ telji að skráning af þessu tagi sé jafn mikilvæg óháð því á hvaða aldri barnið sé þarf ef til vill að huga betur að þessu atriði. Að öðrum kosti er umhugsunarefni hvort þessi spurning á erindi við foreldra barna á öllum aldri.

Foreldrar elstu leikskólabarna bæjarins telja markvissa málörvun mikilvægasta þáttinn í starfi þessara barna og þjálfun í samskiptum fylgir þar fast á eftir. Þjálfun í upplýsingatækni telur þessi hópur hins vegar síst mikilvæga.

Umfram það sem nú þegar hefur verið minnst á hér leiða svör við opnum spurningum í ljós mikla áherslu á góða líðan barnanna og góð samskipti við starfsfólk. Almennt séð hafa foreldrar fleira jákvætt en neikvætt að segja um leikskóla barns síns. Mikið og innilegt þakklæti kemur fram í garð starfsfólks fyrir það góða starf sem það vinnur. Um leið er ljóst að foreldrar eru meðvitaðir um gildi faglegs starfs á leikskólunum og óska þess að bæði börnum og starfsfólki séu búin skilyrði til öflugrar faglegrar starfsemi.

Eins og fram kom í umfjöllun um greiningu niðurstaða hér að framan voru ekki gerðir fylgniútreikningar. Full ástæða er til að óska eftir því að skoða fylgni á milli ákveðinna bakgrunnsbreyta og svara við raðkvarðaspurningum. Til dæmis væri áhugavert að kanna fylgni á milli spurningar 12, þar sem spurt er hve oft svarendur *tali að jafnaði við starfsfólk á deildinni* annars vegar og spurningar 27 hins vegar um hve oft svarendur *fari með eða sækir börnin á leikskólann* við spurningu 13 um kynningu nýs starfsfólks. Vera má að þannig fengjust upplýsingar sem varpað gætu einhverju ljósi á hvers vegna jafn fáir sem raun ber vitni telja

kynningu nýrra starfsmanna góða. Slíkar upplýsingar gætu ef til vill hjálpað starfsfólki að koma til móts við þann hóp sem finnst kynning nýs starfsfólks síst og bæta þar úr.

Einnig er vert að nefna að í sumum tilfellum sýndu svör foreldra barna á ákveðnum leikskólum áberandi minni ánægju með ákveðna þætti leikskólastarfsins en raunin var á öðrum leikskólum. Í sumum tilfellum liggja skýringarnar ljósar fyrir, annað hvort þar sem um augljósa hnökra á starfinu hefur verið að ræða eða þar sem foreldrar hafa gert vandanum góð skil í svörum við opnum spurningum. Í öðrum tilfellum er ástæða til að fara nánar í saumana á vandanum og til dæmis gæti reynst vel að taka viðtöl við foreldra af þessum leikskólum til að fá nánari skýringar á því í hverju óánægja foreldranna felst, hvað getur orsakað hana og hvað er til ráða.

Hvað varðar næstu spurningakönnun væri góð hugmynd að senda öllum foreldrum bréf í pósti heim áður en næsta könnun verður lögð fyrir. Góð og markviss kynning á könnuninni er mikilvægur liður í því að tryggja góða þátttöku. Annað atriði sem miklu máli skiptir er að nýta niðurstöður þessarar könnunar, sem og þess innra mats sem fram hefur farið á leikskólunum í vetur, á markvissan hátt inn í faglega þróun starfs leikskólanna. Með þeim hætti verður gagnsemi matsins öllum ljós og það hefur einnig í för með sér aukna hvatningu fyrir foreldra til að gefa sér tíma til að íhuga starfið eins og það blasir við þeim og koma viðhorfum sínum á framfæri í gegnum könnunina.

Lokaorð

Fulltrúar vel flestra heimila leikskólabarna í Mosfellsbæ hafa í gegnum könnun á viðhorfum foreldra leikskólabarna verið svo góðir að gefa starfsfólki leikskólanna, stjórnendum sem og skólaskrifstofu bæjarins verulega greinagóðar og ýtarlegar upplýsingar um upplifanir sínar, skoðanir og viðhorf til leikskólastarfsins. Þessar upplýsingar eru ómetanlegt innlegg inn í faglegt þróunarstarf leikskólanna. Í þeim kemur fram mikill stuðningur við það góða starfs sem unnið er á leikskólunum og góðar ábendingar um það sem betur mætti fara. Starfsfólk leikskólanna og skólaskrifstofu þakkar foreldrum leikskólabarna bæjarins fyrir þátttökuna sem gefur dýrmætt tækifæri til að nýta þessar upplýsingar til þróunar starfsins og búa svo um hnútana að leikskólarnir geti boðið börnum bæjarins bestu mögulegu skilyrði til að þroskast og dafna í faglegu umhverfi.